

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Selfossi, 17. janúar 2020
Tilvísun: 1909073

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um drög að reglugerð um fiskeldi

Vísað er í tilkynningu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um fiskeldi.

Verður nú fjallað um einstakar greinar reglugerðarinnar sem stofnunin telur ástæðu til að gera athugasemdir við eða eftir atvikum að vekja sérstaka athygli á og eftir því sem tilefni gefst til koma með tillögur að breytingum.

I. Kafli. Gildissvið og skilgreiningar

- **3. gr. Skilgreiningar**

Eldissvæði: Bent er á að hér er um sama hugtak að ræða og notað er í reglugerð um útboð eldissvæða. Skilgreining á hugtakinu eldissvæði er ekki sú sama í þessari reglugerð og fyrrnefndri reglugerð um útboð eldissvæða.

IV. Kafli. Umsóknir vegna starfrækslu fiskeldistöðva

- **12. gr. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi**

11. liður: Rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferli eldis, s.s. öflun hroгна og seiða.

Matvælastofnun leggur til að 11. liður verði uppfærður í samræmi við úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 19. desember sl. og leggur til eftirfarandi: „*Rekstraráætlun sem sýnir m.a. uppbyggingarferli eldis, s.s. öflun hroгна og seiða. Áætlunin þarf að innihalda gögn sem upplýsa um áætlaðan kostnað og tekjur ásamt upplýsingum um önnur fjárhagsleg atriði er varða framkvæmdina.*“

VI. Kafli. Kröfur um búnað, merkingar og viðhald sjókvíaeldisstöðva

- **34. gr. Notkun og viðhald**

Í 3. mgr. segir að hafi rekstrarleyfishafi vitneskju eða ætti að hafa vitneskju um frávik á búnaði eða þjónustu sem gætu leitt til stroks skuli hann tafarlaust setja í gang eigin verkferla til að koma í veg fyrir eða draga úr stroki. Tilkynna skal um frávik til Matvælastofnunar og til framleiðanda eða þjónustuaðila.

Matvælastofnun telur að ákvæði um tilkynningar vegna stroks sé þegar komið fram í 46. gr. í drögum þessum. Matvælastofnun telur því rétt að þessi málsgrein verði felld brott og efnisákvæði sameinuð og samræmd.

- **47. gr. Útsetning og hvíld sjókvíaeldissvæða**

Í 1. mgr. segir að Matvælastofnun taki ákvörðun um útsetningu seiða m.t.t. fjölda seiða og tímasetningu á einstökum sjókvíaeldissvæðum.

Matvælastofnun leggur til eftirfarandi breytingu: „*Matvælastofnun veitir heimild til útsetningar seiða m.t.t. fjölda seiða og tímasetningu á einstökum sjókvíaeldissvæðum.*“

Matvælastofnun tekur ekki ákvörðun um fjölda og tímasetningu útsetningar heldur veitir heimild í samræmi við áætlanir rekstraraðila.

- **51. gr. Þjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva og landeldisstöðva þar sem heildarlífmassi er yfir 20 tonnum.**

Matvælastofnun leggur til að heiti ákvæðisins verði: „*Þjálfun starfsmanna **allra** sjókvíaeldisstöðva og landeldisstöðva þar sem heildarlífmassi er yfir 20 tonnum.*“ Af núverandi ákvæði verður ekki skilið öðruvísi en svo að það nái aðeins til þjálfunar starfsmanna þar sem heildarlífmassi er yfir 20 tonnum. Það er hinsvegar ekki í samræmi við tilgang ákvæðisins um að þjálfunin nái til starfsmanna allra sjókvíaeldisstöðva.

X. Kafli. Opinbert eftirlit með fiskeldisstöðvum

- **56. gr. Dagbókarskylda og skýrsluskil rekstrarleyfishafa**

Samkvæmt 2. mgr. skal rekstrarleyfishafi gefa Matvælastofnun mánaðarlega skýrslu um starfsemi sína þar sem fram koma upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka II.

Matvælastofnun telur að mánaðarleg skýrsluskil aðila sem stunda eldi á landi og ala undir 20 tonnum af fiski sé ofaukið og telur nægjanlegt að skýrsluskil séu á 6 mánaða fresti.

XI. Kafli. Birting upplýsinga

- **57. gr. Birting upplýsinga**

Í 3. mgr. kemur fram að Matvælastofnun skuli birta samantekt upplýsinga úr framleiðsluskýrslum rekstrarleyfishafa eigi síðar en 20 dögum eftir að upplýsingar berast frá rekstrarleyfishöfum. Í 5. mgr. kemur fram að Matvælastofnun skuli birta niðurstöður vöktunar á viðkomu sníkjudýra innan tveggja vikna frá því að vöktunarskýrsla berst.

Rekstrarleyfishafar munu skila inn gögnum er varða framleiðsluskýrslu mánaðarlega og þ.m.t. eru gögn er varða sníkjudýr. Vöktun á viðkomu sníkjudýra í sjókvíaeldi mun fara fram skv. viðauka VI og verður þeim gögnum skilað í framleiðsluskýrslu mánaðarlega. Matvælastofnun leggur til að

niðurstöður vöktunar verði birtar samhliða upplýsingum úr framleiðsluskýrslum eigi síðar en 20 dögum eftir að upplýsingar berast frá rekstrarleyfishöfum.

Ákvæði til bráðabirgða vegna eldri búnaðar sjókvíaeldisstöðva fyrir eldi laxfiska

Breyta þarf yfirheiti bráðabirgðaákvæðisins þar sem það nær til fleirri atriða en búnaðar sjókvíaeldisstöðva.

VIÐAUKI I – Dagbók

Varðandi lið b.i. um fjölda og meðalþyngd seiða í sérákvæði til viðbótar fyrir sjókvíaeldisstöðvar mælist Matvælastofnun til að notað sé orðið fiskar í stað seiða.

VIÐAUKI II – Framleiðsluskýrsla

Framleiðsluskýrsla fyrir landeldi.

Rekstrarleyfishafi skal gefa Matvælastofnun mánaðarlega skýrslu um starfsemi sína og þar skal koma fram:

- a. Inntaka hrogna; tegund, fjöldi/magn og árgangur/hópur.
- b. Móttaka; tegund, fjöldi og árgangur/hópur.
- c. Birgðir; tegund, fjöldi fiska, meðalþyngd hvers árgangs/hóps.
- d. Slátrað magn; tegund, fjöldi og meðalþyngd hvers árgangs.
- e. Afföll; fjöldi fiska og þyngd hjá hverjum árgangi.
- f. Eldisrými í rúmmetrum.
- g. Fóðurnotkun.
- h. Yfirlit yfir sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri s.s. strok.

Matvælastofnun telur að mánaðarleg skýrsluskil aðila sem stunda eldi á landi og ala undir 20 tonnum af fiski sé ofaukið og telur nægjanlegt að skýrsluskil séu á 6 mánaða fresti. Matvælastofnun telur nauðsynlegt að bæði verði nefndir hópar fiska og árgangur í a-lið er varðar inntöku hrogna, b- lið er varðar móttöku og c-lið er varðar birgðir. Í d-lið er varðar slátrað magn og e-lið er varðar afföll leggur Matvælastofnun til að ekki verði tilgreindir árgangar. Í h-lið kemur fram yfirlit yfir sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri s.s. strok. Matvælastofnun telur að framleiðsluskýrsla sé ekki rétti staðurinn til þess að greina frá óhöppum í rekstri enda sé tilkynnt um slíkt á annan hátt sbr. 46. gr. draga þessara. Þegar óhöpp koma upp í rekstri er valda stroki eða mögulegu stroki í landeldi þá er rekstrarleyfishafa gert skv. 46. gr. að tilkynna slíkt án tafar. Ef slíkar upplýsingar eiga að koma fram í framleiðsluskýrslu mánaðarlega þá er hætt við að slíkar tilkynningar berist ekki Matvælastofnun fyrr en nokkrum vikum eftir að atburður á sér stað.

Framleiðsluskýrsla fyrir seiðaeldi.

Rekstrarleyfishafi skal gefa Matvælastofnun mánaðarlega skýrslu um starfsemi sína og þar skal koma fram fyrir hverja eldiseiningu:

- a. Inntaka hrogna; tegund, fjöldi/magn og árgangur/hópur.
- b. Móttaka seiða; tegund, fjöldi, meðalþyngd hvers árgangs/hóps.
- c. Birgðir; tegund, fjöldi fiska og meðalþyngd hvers árgangs/hóps.
- d. Seld seiði, tegund, fjöldi og meðalþyngd.
- e. Afföll; fjöldi fiska og heildarþyngd.
- f. Eldisrými í rúmmetrum.
- g. Fóðurnotkun.

h. Yfirlit yfir sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri s.s. strok.

Matvælastofnun telur að of ítarlegt sé að kalla eftir gögnum fyrir á hverja eldiseiningu í seiðaeldisstöðvum og leggur þ.a.l. til að „fyrir hverja eldiseiningu“ verði fjarlæggt. Matvælastofnun telur nauðsynlegt að bæði verði nefndir hópar fiska og árgangur í a-lið er varðar inntöku hrogn, b- lið er varðar móttöku seiða og c-lið er varðar birgðir. Stofnunin leggur einnig að í e-lið er varðar afföll verði kallað eftir gögnum um þyngd í stað heildarþyngdar. Varðandi h-lið þá telur Matvælastofnun að framleiðsluskýrsla sé ekki rétti staðurinn til þess að greina frá óhöppum í rekstri enda sé tilkynnt um slíkt á annan hátt sbr. 46. gr. draga þessara (sjá athugasemd um framleiðsluskýrslu fyrir landeldi hér að ofan).

Framleiðsluskýrsla fyrir sjókvíaeldi.

Rekstrarleyfishafi skal gefa Matvælastofnun mánaðarlega skýrslu um starfsemi sína og þar skal koma fram:

- a. Útsetning seiða í kvíar; uppruni (seiðastöð), tegund, árgangur og fjöldi fiska útsett í hverja kví.*
- b. Skrá hvaða eldissvæði eru í notkun og hver í eru í hvíld.*
- c. Birgðir tilgreind á hverja kví; tegund, fjöldi fiska, meðalþyngd fiska og lífmassi. Ásamt heildarfjöldi, meðalþyngd og lífmassa fyrir hvert eldissvæði.*
- d. Slátrað magn; tegund, fjöldi og meðalþyngd fyrir hverja kví og fyrir hvert eldissvæði. Framleiðslumagn miðast við framleiðslu slátraðra tonna af óslægðum eldisfiski úr kví.*
- e. Afföll tilgreind fyrir hverja kví: fjöldi fiska, þyngd og hlutfall (%).*
- f. Eldisrými í rúmmetrum, þ.e. fyrir hverja kví og heildarrúmmál kvía í notkun.*
- g. Fóður: Heildar fóðurnotkun og fóðurstuðull fyrir hverja kví ásamt heildarfóðurstuðul fyrir hvert eldissvæði.*
- h. Yfirlit yfir sjúkdóma.*
- i. Sníkjudýr.*
- j. Lyfjagjöf og meðhöndlun.*
- k. Önnur óhöpp í rekstri s.s. strok, tjón á búnaði*

Matvælastofnun leggur til að k-liður verði fjarlægður þar sem stofnunin telur að framleiðsluskýrsla sé ekki rétti staðurinn til þess að taka á móti upplýsingum er varða óhöpp í rekstri enda sé tilkynnt um slíkt á annan hátt sbr. 34. gr. og 46. gr. draga þessara. Þegar óhöpp koma upp í rekstri er valda stroki eða mögulegu stroki í sjókvíaeldi þá er rekstrarleyfishafa gert að tilkynna slíkt. Ef slíkar upplýsingar eiga að koma fram í framleiðsluskýrslu mánaðarlega þá er hætt við að slíkar tilkynningar berist ekki Matvælastofnun fyrr en nokkrum vikum eftir að atburður á sér stað.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir
Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Viktor S. Pálsson
Viktor S. Pálsson
Forstöðumaður samhæfingar